

# Ársuppgjör 2023


**Lilja Björk Einarsdóttir**
Bankastjóri

**Hreiðar Bjarnason**
Framkvæmdastjóri Fjármála

# Stöðug framför, jákvæð áhrif og góður árangur

## Ánægðustu viðskiptavinirnir

- Efst í ánægjuvoginni fimmta árið í röð
- Viðskiptavinir nýta sér fleiri þjónustuþætti en áður
- Aldrei fleiri ný fyrirtæki í viðskipti

## Traustur og ábyrgur rekstur

- Bankinn vel fjármagnaður
- Kostnaðarhlutfall aldrei lægra
- Í forystu í opnu bankakerfi

## Jákvæð áhrif á íslenskt samfélag

- Tillaga til aðalfundar að greiða 16,5 ma.kr. í arð
- 167 m.kr. voru veittar í styrki og samstarf á árinu
- Öflug útgáfa greininga og fjölbreytt fræðslustarf

## Eftirsóttur vinnustaður

- Starfsánægja á styrkleikabili í vinnustaðagreiningu Gallup
- Verkefnamiðuð vinnuaðstaða tekin í notkun
- Ný mannauðsstefna innleidd

# Vel fjármagnaður banki skilar traustri afkomu

Hagnaður
**33,2**
ma.kr.

Hreinar vaxtatekjur
**+24%**

Hreinar þjónustutekjur
**+5%**

Kostnaðarhlutfall
**33,7%**

Kolefnisspor lánasafns
**247** ktCO₂í

Arðsemi eigin fjár
**11,6%**

Eigið fé
**304**
ma.kr.

Eiginfjárhlutfall
**23,6%**

**Arðsemi eigin fjár** var 11,6% og öllum fjárhagslegum markmiðum bankans var náð fyrir árið 2023.

Hreinar vaxtatekjur aukast, sem skýrist helst af **góðri ávöxtun á lausafjáreignum**, aukningu á útlánum og hærra vaxtastigi.

Vaxtamunur heimila* er **2,0% í lok árs** og er stöðugur milli ára.

**Rekstrarkostnaður** hækkar í takt við verðlag en **kostnaðarhlutfall** bankans hefur aldrei verið jafn lágt og nú.

Virðisrýrnun útlána og krafna nam 3,1 ma.kr. sem er í **takt við væntingar** ársins.

**Kolefnisspor lánasafns bankans** hefur lækkað um 8% frá viðmiðunarárinu 2019.

**Fjármögnun bankans** hefur gengið vel á árinu og fimmföld eftirspurn var í síðustu útgáfu bankans. Hlutfall grænnar fjármögnunar hefur aukist um 7,6% og er komið upp í 26,6% af heildarlántöku.

**Lánshæfishorfum** var breytt úr stöðugum í jákvæðar og lánshæfismat sértryggðra skuldabréfa hækkað úr A í A+.

**Bankinn er með sterka eiginfjárstöðu** og eiginfjárhlutfall er 340 punktum (3,4%) yfir 20,2% kröfu eftirlitsaðila.

* Hæstu vextir óbundins sparnaðar að frádregnum breytilegum vöxtum íbúðalána.

# Sterkur grunnrekstur

*- Aukinn hagnaður milli ára*

## Hagnaður




## Breyting milli 2022 og 2023




Hreinar vaxtatekjur aukast milli ára, en þar munar mestu um að í hærra vaxtastigi hefur fengist **betri ávöxtun á lausafjáreignir** bankans.

Það er talsverður **viðsnúningur í virði hlutabréfa** þó þau skili neikvæðri afkomu fyrir árið í heild upp á 1,1 ma.kr.

Afkoma skuldabréfa er **6,9 ma.kr.,** sem er um 6 ma.kr. aukning frá fyrra ári.

Virðisbreytingar útlána eru **neikvæðar um 3,1 ma.kr.** á árinu en í samanburði við fyrra ár er viðsnúningur upp á tæpa 5,6 ma.kr. þar sem virðisbreytingar voru jákvæðar árið 2022.

Aðrar breytingar eru m.a. á rekstrarkostnaði en rekstrargjöld án skatta hækka um 9% á árinu.

Aukning á skattgreiðslum er vegna betri afkomu. Heildarskattgreiðslur fyrir árið 2023 eru 16,4 ma.kr., þar af 3,1 ma.kr. í sérstaka skatta á fjármálafyrirtæki.

# Sterkur fjórði ársfjórðungur

Mikill viðsnúningur á hlutabréfamörkuðum skilar góðri afkomu á fjórða ársfjórðungi eftir erfiða byrjun á árinu. Undir lok árs fjármagnar bankinn byggingu um 3.600 íbúða og áætlar að markaðshlutdeild bankans á byggingarmarkaði fyrir íbúðir sé um 50%.

Hagnaður

**10,8**

ma.kr.

Hreinar vaxtatekjur

**+15%**

Hreinar þjónustutekjur

**+12%**

Arðsemi eigin fjár

**14,5%**

Kostnaður sem hlutfall af tekjum

**31,6%**

(K/T hlutfall)



# Ánægðustu viðskiptavinirnir

## Spara í appi

57% fleiri viðskiptavinir
spara í appinu

**127.100**
einstaklingar
í virkum viðskiptum

**+5.500**
bættust við

ÍSLENSKA ÁNÆGJUVOGIN 2019
ÍSLENSKA ÁNÆGJUVOGIN 2020
ÍSLENSKA ÁNÆGJUVOGIN 2021
ÍSLENSKA ÁNÆGJUVOGIN 2022
ÍSLENSKA ÁNÆGJUVOGIN 2023

Aukakrónur

**608 milljónir**
Aukakróna
notaðar til að versla hjá
200+ samstarfsaðilum
- nýtt met!

## Traust ráðgjöf

**14.150** bókuð samtöl
við ráðgjafa

**81%** af ráðgjafarfjarfundum
stýrt af starfsfólki á landsbyggðinni

Fyrst til að
rafrænt þinglýsa
tryggingabréfi

## Tæknileg forysta

## Fjölskyldusýn á fjármálin

Sameiginleg sýn og auðvelt
að veita maka umboð
*– bara hjá Landsbankanum –*

**Appið**

Mikil ánægja

**19x**
uppfærslur
á árinu 2023

**Allir**
bankarnir í
Landsbankaappinu

**150.000** notendur **+35,6%** aukning

**6%**
aukning virkra
lífeyrissamninga

# Kraftur á fyrirtækjamarkaði

- Aldrei hafa fleiri fyrirtæki komið í viðskipti
- Nýjum fyrirtækjum í viðskiptum fjölgaði um 18% á milli ára
- Fljúgandi byrjun hjá færsluhirðingu
- 33% fyrirtækja sem koma í færsluhirðingu eru nýir viðskiptavinir

## Frábært ár hjá Fyrirtækjaráðgjöf

alvotech
ÍSFÉLAG
KALDALÓN
Amaroq Minerals
center hotels
First Water
ICE FRESH SEAFOOD




Traust fjármögnun og skilvirkur rekstur
33,7%
kostnaðarhlutfall (K/T) hefur aldrei verið lægra
46,5%
af erlendri fjármögnun bankans er nú græn
600 m.kr.
árlegur sparnaður af flutningum í Reykjastræti 6
300 m. evrur
fimmföld eftirspurn í þriðju grænu skuldabréfaútgáfunni
12 ma.kr.
víkjandi skuldabréf
81 ma.kr.
aukning í innlánum á árinu (8% aukning)

# Traustur banki fyrir farsæla framtíð



# Við miðlum þekkingu



Tillaga til aðalfundar um að greiða 16,5 ma.kr. í arð

16,4 ma.kr. greiddir í skatta árið 2023

SUSTAINALYTICS

Með bestu einkunn Sustainalytics á Íslandi

**81%** af bókaðri ráðgjöf viðskiptavina er veitt af starfsfólki útibúa bankans utan höfuðborgarsvæðisins

**167** m.kr. í styrki og samstarf

Við styðjum m.a.

SKÓLAHREYSTI

KSÍ

HönnunarMars

**161** upplýsandi innlegg í umræðuna

**14** fræðslugreinar

**4** fjármálamót

Nýtt húsnæði styður breyttar þarfir

Ánægja og helgun starfsfólks jókst

Mannauðssíða Landsbankavefsins endurspeglar breytt starfsumhverfi og nýja mannauðsstefnu

# Fjárhagsleg markmið og þróun lykilmælikvarða

## Sterk fjárhagsstaða og skilvirkur rekstur

### Arðsemi

**Arðsemi eigin fjár**




| Markmið | 2023 |
|---|---|
| ≥ 10% | 11,6% |

**Leiðbeinandi viðmið**

Vænt arðsemi eigin fjár á árinu 2024 er 11-13%.

### Skilvirkni

**Kostnaðarhlutfall (K/T)**




| Markmið | 2023 |
|---|---|
| ≤ 40% | 33,7% |

**Leiðbeinandi viðmið**

Vænt K/T hlutfall á árinu 2024 er 30-35%.

### Fjárhagslegur styrkur

**Eiginfjárhlutfall alls**




| Markmið | 2023 |
|---|---|
| ≥ 22% | 23,6% |

**Leiðbeinandi viðmið**

Stefnt er að því að fullnýta áfram svigrúm til útgáfu eigin fjár þáttar 2.

**Almennt eigið fé þáttar 1 (CET1)**




| Markmið | 2023 |
|---|---|
| ≥ 18% | 22,0% |

**Leiðbeinandi viðmið**

Vera í hæsta flokki fyrir áhættuvegið eiginfjárhlutfall eins og það er metið af lánshæfismatsfyrirtækjum.

**Markmið:** Reglulegar arðgreiðslur verði um 50% af hagnaði fyrra árs

---- Markmið

# Rekstrarreikningur

# Rekstrarreikningur

| | 2023 | 2022 | Breyting | | 4F 2023 | 4F 2022 | Frávik | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Hreinar vaxtatekjur | 57.559 | 46.464 | 11.095 | 24% | 14.783 | 12.869 | 1.914 | 15% |
| Hreinar þjónustutekjur | 11.153 | 10.623 | 530 | 5% | 3.066 | 2.745 | 321 | 12% |
| Hrein virðisbreyting | -3.120 | 2.473 | -5.593 | -226% | -1.281 | -192 | -1.089 | 568% |
| Aðrar rekstrartekjur og (gjöld) | 8.256 | -6.307 | 14.563 | -231% | 5.267 | 144 | 5.123 | 3558% |
| **Rekstrartekjur samtals** | **73.848** | **53.253** | **20.595** | **39%** | **21.835** | **15.566** | **6.269** | **40%** |
| Laun og launatengd gjöld | 15.866 | 14.474 | 1.392 | 10% | 4.332 | 3.986 | 346 | 9% |
| Annar rekstrarkostnaður | 10.092 | 9.289 | 803 | 9% | 2.979 | 2.637 | 342 | 13% |
| Skattur á heildarskuldir fjármálafyrirtækja | 2.290 | 2.097 | 193 | 9% | 527 | 535 | -8 | -1% |
| **Rekstrargjöld samtals** | **28.248** | **25.860** | **2.388** | **9%** | **7.838** | **7.158** | **680** | **9%** |
| **Hagnaður fyrir skatta** | **45.600** | **27.393** | **18.207** | **66%** | **13.997** | **8.408** | **5.589** | **66%** |
| Tekjuskattur | 12.433 | 10.396 | 2.037 | 20% | 3.213 | 2.731 | 482 | 18% |
| **Hagnaður tímabilsins** | **33.167** | **16.997** | **16.170** | **95%** | **10.784** | **5.677** | **5.107** | **90%** |

Fjárhæðir í milljónum króna

# Hreinar rekstrartekjur

## Hækkandi vaxtastig og stækkun efnahagsreiknings skila 24% aukningu í hreinum vaxtatekjum




### Hreinar vaxtatekjur




### Hreinar þjónustutekjur




### Meginvextir Seðlabankans og vaxtamunur




Fjárhæðir í milljónum króna

# Rekstrargjöld

## Rekstrarkostnaður hækkar um 9% milli ára vegna hækkandi launa og verðlags

### Laun og tengd gjöld




### Stöðugildi




### Rekstrargjöld







Fjárhæðir í milljónum króna

# Skattar

## - Skattgreiðslur hækka umtalsvert vegna betri afkomu

| | 2023 | 2022 | Breyting | |
|---|---|---|---|---|
| Reiknaður tekjuskattur | 9.692 | 8.092 | 1.600 | 20% |
| Sérstakur fjársýsluskattur á hagnað [1] | 2.741 | 2.304 | 437 | 19% |
| **Tekjuskattur** | **12.433** | **10.396** | **2.037** | **20%** |
| | | | | |
| Sérstakur fjársýsluskattur á fjármálafyrirtæki [2] | 2.290 | 2.097 | 193 | 9% |
| Sérstakur fjársýsluskattur á laun [3] | 776 | 725 | 51 | 7% |
| Tryggingagjald [4] | 896 | 837 | 59 | 7% |
| **Samtals** | **16.395** | **14.056** | **2.340** | **17%** |

[1] 6% viðbótarskattur á tekjuskattsstofn umfram 1 milljarð króna.

[2] Sérstakur skattur á fjármálafyrirtæki 0,145% byggir á bókfærðu virði skulda í lok árs og er greiddur árlega. Skatturinn reiknast af bókfærðu virði skulda, að skattskuldum frátöldum, umfram 50 milljarða króna. Sérstakur skattur á fjármálafyrirtæki fellur undir ófrádráttarbært gjald til tekjuskatts.

[3] 5,5% skattur á laun, bókast meðal launa og tengdra gjalda í ársreikningi.

[4] 6,35% tryggingagjald á laun, bókast meðal launa og launatengdra gjalda.






Fjárhæðir í milljónum króna

# Efnahagsreikningur

# Heildareignir

## Útlán til viðskiptavina aukast um 6% á sama tíma og heildareignir aukast um 10%

| | 31.12.2023 | 31.12.2022 | Breyting | |
|---|---|---|---|---|
| Sjóður og innstæður í Seðlabanka | 76 | 42 | 34 | 81% |
| Markaðsskuldabréf | 148 | 125 | 23 | 18% |
| Hlutabréf | 19 | 19 | 0 | 0% |
| Útlán og kröfur á lánastofnanir | 54 | 29 | 25 | 86% |
| Útlán og kröfur á viðskiptavini | 1.631 | 1.544 | 87 | 6% |
| Aðrar eignir | 33 | 28 | 5 | 18% |
| **Samtals** | **1.961** | **1.787** | **174** | **10%** |

- Útlán til einstaklinga jukust um 29 ma.kr. Íbúðalán aukast um 4% eða um 26 ma.kr.
- Útlán til fyrirtækja jukust um 63 ma.kr. en vegna gengisáhrifa að fjárhæð 5,5 ma.kr. er heildaraukningin um 58 ma.kr.









Fjárhæðir í milljörðum króna

# Útlán og kröfur á viðskiptavini

## Hóflegur útlánavöxtur á sama tíma og vanskil og vandræðalán eru áfram nálægt sögulegu lágmarki

### Heildarútlán




### Vandræðalán









Fjárhæðir í milljörðum króna

# Útlán til einstaklinga

## Aukning verðtryggðra útlána undir lok árs samhliða uppgreiðslum óverðtryggðra útlána

### Útlán til einstaklinga




### Íbúðalán – endursetning vaxta




### Útlán heimila eftir lánsformum




### Dreifing á uppsöfnuðu veðhlutfalli íbúðalána




Fjárhæðir í milljörðum króna

# Útlán til fyrirtækja

## Mest aukning í útlánum til byggingarstarfsemi og ferðaþjónustu

### Útlán til fyrirtækja




### Útlán til fyrirtækja eftir flokkun í áhættustig




### Útlán til fyrirtækja eftir atvinnugreinum






Fjárhæðir í milljörðum króna

# Virðisbreyting útlána

## Stærð virðisrýrnunarsjóðs endurspeglar sterka stöðu lántaka og vel tryggt útlánasafn

### Virðisrýrnunarsjóður vegna útlána og krafna til viðskiptavina




### Áhættukostnaður útlána




### Rekstraráhrif virðisrýrnunar




### Útlán eftir áhættustigum

| | Bókfært virði brúttó | | Virðisrýrnunarsjóður | | Bókfært virði nettó | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Áhættustig 1 | 1.521 | 92,6% | 4 | 0,2% | 1.517 | 93,1% |
| Áhættustig 2 | 83 | 5,1% | 2 | 2,6% | 81 | 4,9% |
| Áhættustig 3 | 22 | 1,3% | 5 | 24,9% | 17 | 1,0% |
| Gangvirði | 16 | 1,0% | | 0% | 16 | 1,0% |
| **Samtals** | **1.642** | **100%** | **11** | **0,7%** | **1.631** | **100%** |

Fjárhæðir í milljörðum króna

# Skuldir og eigið fé

## Fjölbreytt fjármögnun og áframhaldandi vöxtur innlána

| | 31.12.2023 | 31.12.2022 | Breyting | |
|---|---|---|---|---|
| Skuldir við lánastofnanir og Seðlabanka | 30 | 6 | 24 | 400% |
| Innlán frá viðskiptavinum | 1.049 | 968 | 81 | 8% |
| Lántaka | 514 | 477 | 37 | 8% |
| Aðrar skuldir | 44 | 35 | 9 | 26% |
| Víkjandi lántaka | 20 | 22 | -2 | -9% |
| Eigið fé | 304 | 279 | 25 | 9% |
| **Samtals** | **1.961** | **1.787** | **174** | **10%** |

- Innlán frá viðskiptavinum aukast um 81 ma.kr. frá áramótum.
- Lántaka hækkar um 37 ma.kr. frá áramótum en af þeirri upphæð eru áhrif gengis um 3 ma.kr. til lækkunar.







Fjárhæðir í milljörðum króna

# Innlán frá viðskiptavinum

## Innlán yfir 1.000 milljarða króna og fara áfram vaxandi







- Innlán frá heimilum aukast um 72 ma.kr. á árinu en heildarinnlán frá viðskiptavinum aukast um 81 ma.kr.
- Innstæður njóta forgangs umfram almennar kröfur við skilameðferð lánastofnana á Íslandi. Auk þess njóta samtals um 48% innlána frá viðskiptavinum ábyrgðar innstæðutryggingakerfis, samkvæmt lögum um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta.




Fjárhæðir í milljörðum króna

# Lánsfjármögnun

## Vel heppnuð græn skuldabréfaútgáfa á þriðja ársfjórðungi að fjárhæð EUR 300 milljónir

### Sundurliðun lánsfjármögnunar







### Útgáfa lánsfjármögnunar




### Endurgreiðsluferill lánsfjármögnunar




Fjárhæðir í milljörðum króna

# Lausafjárþekja og fjármögnunarþekja

## Lausafjár- og fjármögnunarhlutföll vel umfram lögbundnar kröfur

### Heildarlausafjárþekja




### Lausafjárþekja ISK




### Lausafjárþekja EUR




### Fjármögnunarþekja



# Eiginfjárkröfur

## Eiginfjárhlutföll vel umfram lögbundnar kröfur

| | CET1 | Tier 1 | Alls |
|---|---|---|---|
| Stoð I | 4,5% | 6,0% | 8,0% |
| Stoð II-R | 1,6% | 2,1% | 2,8% |
| **Lágmarkskrafa undir Stoð I og Stoð II-R** | **6,1%** | **8,1%** | **10,8%** |
| Eiginfjárauki vegna kerfisáhættu | 2,9% | 2,9% | 2,9% |
| Eiginfjárauki fyrir kerfislega mikilvæg fjármálafyrirtæki | 2,0% | 2,0% | 2,0% |
| Sveiflujöfnunarauki | 2,0% | 2,0% | 2,0% |
| Verndunarauki | 2,5% | 2,5% | 2,5% |
| **Samanlögð krafa um eiginfjárauka undir Stoð II-G** | **9,4%** | **9,4%** | **9,4%** |
| **Heildarkrafa um eiginfjárgrunn** | **15,5%** | **17,5%** | **20,2%** |
| **Eiginfjárhlutföll 31.12.2023** | **22,0%** | **22,0%** | **23,6%** |

- Samstæðan notast við staðalaðferð (e. standardised approach) við útreikning á eiginfjárkröfum undir Stoð I fyrir útlána- og markaðsáhættu. Fyrir rekstraráhættu notast bankinn við grundvallaraðferð (e. basic indicator approach). Bankinn beitir virkri nálgun (e. dynamic approach) hvað varðar aðlögunarákvæði um IFRS 9.
- Þann 16. mars 2023 ákvað Fjármálastöðugleikanefnd að hækka gildi sveiflujöfnunarauka á fjármálafyrirtæki úr 2,0% í 2,5% með gildistöku 12 mánuðum síðar.
- Þann 30. júní 2023 birti Fjármálaeftirlit Seðlabankans viðbótarkröfu um eiginfjárgrunn samkvæmt Stoð II-R og er hún nú 2,8% af áhættugrunni fyrir Landsbankann, en var áður 3,4%.

### Heildarkrafa um eiginfjárgrunn sem hlutfall af áhættugrunni




### Áhættuvegnar eignir




Fjárhæðir í milljörðum króna

# Lágmarkskrafa um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar (MREL)

## MREL-fjármögnun Landsbankans er vel umfram kröfur




- Nýjasta MREL-krafa Skilavalds Seðlabanka Íslands til Landsbankans er frá október 2023 og er skv. lögum sú hærri af:
  - **Áhættutengt:**

    2 x ( Stoð I + Stoð II-R ) + Samanlögð krafa um eiginfjárauka (CBR)
  - **Vogunartengt:**

    2 x Lágmarkskrafa um vogunarhlutfall (3,0% af heildarmælistærð áhættuskuldbindinga)

  MREL-krafa Skilavalds gagnvart Landsbankanum er því 31,0% af áhættugrunni í lok árs 2023, eða sem nemur 396,6 mö.kr.
  - Bankinn gerir einnig ráð fyrir að Skilavaldið muni, á síðari hluta ársins 2024, innleiða kröfu um undirskipan, sem verði að lágmarki 13,5% af áhættugrunni bankans.
- MREL-fjármögnun Landsbankans er samtals 484,8 ma.kr. í lok árs 2023. Það jafngildir 37,9% af áhættugrunni eða sem nemur 88 mö.kr. umfram lágmarkskröfu Skilavalds.
- Tilskipun ESB um endurbætur og skilameðferð fjármálafyrirtækja (BRRD) var innleidd í lög á Íslandi árið 2020.
  - Lágmarkskrafa um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar (MREL) er hluti af BRRD.
  - Skilavald Seðlabanka Íslands leggur MREL-kröfu á Landsbankann sem kerfislega mikilvægt fjármálafyrirtæki á Íslandi (O-SII).

Fjárhæðir í milljónum króna

# Arðgreiðslur

## Stefna bankans er að greiða um 50% af hagnaði fyrra árs í arð

### Arðgreiðslutillaga 2024*

- Regluleg arðgreiðsla að fjárhæð 0,70 krónum á hlut.
- Samtals að fjárhæð 16.535 milljónum króna, samsvarar um 50% af hagnaði ársins 2023.
- Áhrif arðgreiðslunnar á eiginfjárhlutfall bankans er um 1,4 prósentustig til lækkunar.

### Arðgreiðsla 2023

- Arðgreiðslan nam í heild 8.504 milljónum króna sem samsvarar um 50% af hagnaði ársins 2022 eða 0,36 krónum á hlut.

### Arðgreiðslustefna Landsbankans

- Landsbankinn stefnir að því að reglulegar arðgreiðslur til hluthafa verði að jafnaði um 50% af hagnaði fyrra árs. Í samræmi við markmið um eiginfjárhlutfall er einnig stefnt að sérstökum arðgreiðslum til þess að auka hagkvæmni í fjármagnsskipan bankans.
- Við ákvörðun um fjárhæð arðgreiðslna verði tryggt að bankinn viðhaldi afar sterkri fjárhagsstöðu. Þannig verði tekið mið af áhættu í innra og ytra umhverfi, vaxtarhorfum og að bankinn viðhaldi til framtíðar traustri eiginfjár- og lausafjárstöðu og uppfylli lögbundnar kröfur um fjárhagsstöðu á hverjum tíma.

### Arðgreiðslur




### Eiginfjárhlutfall breytingar 2023




Fjárhæðir í milljónum króna

# Einföldum líf viðskiptavina

## - Traustur rekstur og heilbrigð arðsemi eru lykilforsendur framþróunar á þjónustu til viðskiptavina

Með tilgang bankans, **traustur banki fyrir farsæla framtíð**, að leiðarljósi og árangursríkri stefnu, **Landsbanki nýrra tíma**, svarar bankinn breyttum samfélagsviðhorfum, þeim tækifærum og áskorunum sem felast í tækniþróun og einfaldar líf viðskiptavina. Í stefnunni er Landsbankinn að feta veginn milli örra tæknibreytinga og mannlegrar þjónustu.

---

## Áherslur fram undan

**Breikka tekjugrunn** bankans með nýjum tekjustofnum, auknum fjölda viðskiptavina og hagræðingu bæði í viðskiptaferlum og rekstri.

**Styðja við fjárhagslega heilsu** viðskiptavina með öflugum lausnum og góðri yfirsýn yfir fjármálin.

**Áhersla á sjálfsafgreiðslu** með því að einfalda og bæta þjónustu og fjölga vörum.

**Setja okkur í spor viðskiptavina** og aðlaga þjónustu okkar og vörur sem best að ólíkum þörfum fyrirtækja og einstaklinga.

Hagkvæm **fjármögnun** og **traustur rekstur** til framtíðar skilar sér í ávinningi til viðskiptavina og eigenda.

# Viðauki

# Efnahagssviðsmyndir vegna mats á væntu útlánatapi

- Hagfræðideild Landsbankans útbýr sviðsmyndir með spám um mikilvægar hagstærðir.
- Myndirnar sýna lykilhagstærðir sem notaðar voru við útreikning á væntu útlánatapi fyrir áhættustig 1 og 2.
- Spárnar sýna meðaltalsgildi fyrir næstu 12 mánuði og út spátímann, sem nær til meðallangs tíma.
- Við útreikning á væntu útlánatapi er jákvæðu sviðsmyndinni gefið 10% vægi, grunnsviðsmyndinni er gefið vægið 70% og neikvæðu sviðsmyndinni er gefið vægið 20% (2022: 15%-70%-15%).

## Hagvöxtur




## Atvinnuleysi




## Verðbólga




## Meginvextir SÍ (sjö daga bundin innlán)




## EUR/ISK




## Íbúðaverð (breyting milli ára)



# Kennitölur

| | 2023 | 2022 | 2021 | 2020 | 2019 | 4F 2023 | 3F 2023 | 2F 2023 | 1F2023 | 4F2022 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Hagnaður eftir skatta | 33.167 | 16.997 | 28.919 | 10.521 | 18.235 | 10.784 | 7.910 | 6.717 | 7.756 | 5.677 |
| Arðsemi eigin fjár fyrir skatta | 15,9% | 10,1% | 13,6% | 5,1% | 9,6% | 18,8% | 15,6% | 14,3% | 14,7% | 12,2% |
| Arðsemi eigin fjár eftir skatta | 11,6% | 6,3% | 10,8% | 4,3% | 7,5% | 14,5% | 10,9% | 9,5% | 11,1% | 8,2% |
| Arðsemi heildareigna eftir skatta | 1,7% | 1,0% | 1,7% | 0,7% | 1,3% | 2,2% | 1,6% | 1,4% | 1,7% | 1,3% |
| | | | | | | | | | | |
| Heildareignir | 1.960.776 | 1.787.024 | 1.729.798 | 1.564.177 | 1.426.328 | 1.960.776 | 1.982.403 | 1.896.369 | 1.916.993 | 1.787.024 |
| Hreinar vaxtatekjur | 57.559 | 46.464 | 38.953 | 38.074 | 39.670 | 14.784 | 15.241 | 14.469 | 13.066 | 12.869 |
| Vaxtamunur í hlutfalli af meðalstöðu heildareigna | 3,0% | 2,7% | 2,3% | 2,5% | 2,8% | 3,0% | 3,1% | 3,0% | 2,8% | 2,9% |
| | | | | | | | | | | |
| Útlán í hlutfalli við innlán viðskiptavina | 155,5% | 159,6% | 154,1% | 160,5% | 161,1% | 155,5% | 150,2% | 157,6% | 157,4% | 159,6% |
| Kostnaður sem hlutfall af tekjum (K/T) | 33,7% | 46,8% | 43,2% | 47,4% | 42,6% | 31,6% | 31,5% | 39,5% | 33,3% | 42,0% |
| Rekstrarkostnaður í hlutfalli af mst. heildareigna | 1,4% | 1,4% | 1,4% | 1,6% | 1,7% | 1,5% | 1,2% | 1,4% | 1,4% | 1,5% |
| | | | | | | | | | | |
| Eigið fé samtals | 303.754 | 279.091 | 282.645 | 258.255 | 247.734 | 303.754 | 292.971 | 285.060 | 278.343 | 279.091 |
| Eiginfjárhlutfall alls | 23,6% | 24,7% | 26,6% | 25,1% | 25,8% | 23,6% | 23,7% | 25,3% | 25,3% | 24,7% |
| Eiginfjárgrunnur og hæfar skuldbindingar (e. MREL) | 37,9% | 40,4% | | | | 37,9% | 37,8% | 35,5% | 39,4% | 40,4% |
| | | | | | | | | | | |
| Heildarlausafjárþekja | 181% | 134% | 179% | 154% | 161% | 181% | 238% | 165% | 235% | 134% |
| Lausafjárþekja EUR (LCR FX til og með 2022) | 1499% | 351% | 556% | 424% | 769% | 1499% | 1227% | 623% | 724% | 351% |
| Lausafjárþekja ISK | 129% | 99% | 120% | 105% | 61% | 129% | 161% | 146% | 128% | 99% |
| Fjármögnunarþekja | 123% | 117% | 121% | 116% | 117% | 123% | 123% | 120% | 121% | 117% |
| Fjármögnunarþekja erlendra mynta | 145% | 132% | 142% | 132% | 143% | 145% | 150% | 136% | 145% | 132% |
| | | | | | | | | | | |
| Stöðugildi | 817 | 813 | 816 | 878 | 893 | 817 | 818 | 801 | 825 | 813 |

Fjárhæðir í milljónum króna

# Rekstur

| | 2023 | 2022 | 2021 | 2020 | 2019 | 4F 2023 | 3F 2023 | 2F 2023 | 1F 2023 | 4F 2022 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Hreinar vaxtatekjur | 57.559 | 46.464 | 38.953 | 38.074 | 39.670 | 14.783 | 15.241 | 14.469 | 13.066 | 12.869 |
| Hreinar þjónustutekjur | 11.153 | 10.623 | 9.483 | 7.638 | 8.219 | 3.066 | 2.336 | 2.703 | 3.048 | 2.745 |
| Hrein virðisbreyting | -3.120 | 2.473 | 7.037 | -12.020 | -4.827 | -1.281 | -249 | 520 | -2.111 | -192 |
| Aðrar rekstrartekjur | 8.256 | -6.307 | 6.857 | 4.561 | 8.455 | 5.267 | 208 | -535 | 3.317 | 144 |
| **Rekstrartekjur samtals** | **73.848** | **53.253** | **62.330** | **38.253** | **51.517** | **21.835** | **17.536** | **17.157** | **17.320** | **15.566** |
| Laun og launatengd gjöld | 15.866 | 14.474 | 14.759 | 14.767 | 14.458 | 4.332 | 3.221 | 4.194 | 4.119 | 3.986 |
| Annar rekstrarkostnaður | 10.092 | 9.289 | 9.105 | 9.064 | 9.534 | 2.980 | 2.388 | 2.370 | 2.355 | 2.637 |
| Skattur á heildarskuldir fjármálafyrirtækja | 2.290 | 2.097 | 2.013 | 1.815 | 4.204 | 527 | 643 | 550 | 570 | 535 |
| **Rekstrargjöld samtals** | **28.248** | **25.860** | **25.877** | **25.646** | **28.196** | **7.838** | **6.252** | **7.114** | **7.044** | **7.158** |
| **Hagnaður fyrir skatta** | **45.600** | **27.393** | **36.453** | **12.607** | **23.321** | **13.998** | **11.284** | **10.043** | **10.276** | **8.408** |
| Tekjuskattur | 12.433 | 10.396 | 7.534 | 2.086 | 5.086 | 3.214 | 3.374 | 3.326 | 2.520 | 2.731 |
| **Hagnaður tímabilsins** | **33.167** | **16.997** | **28.919** | **10.521** | **18.235** | **10.784** | **7.910** | **6.717** | **7.756** | **5.677** |

Fjárhæðir í milljónum króna

# Efnahagur

| | 31.12.2023 | 31.12.2022 | Breyting | | 31.12.2021 | 31.12.2020 | 31.12.2019 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Sjóður og innistæður í Seðlabanka | 75.350 | 42.216 | 33.134 | 78% | 82.425 | 67.604 | 69.824 |
| Markaðsskuldabréf | 148.182 | 125.265 | 22.917 | 18% | 150.435 | 119.330 | 115.262 |
| Hlutabréf | 19.012 | 19.106 | -94 | 0% | 33.347 | 26.808 | 30.019 |
| Útlán og kröfur á lánastofnanir | 54.101 | 28.621 | 25.480 | 89% | 47.231 | 48.073 | 47.929 |
| Útlán og kröfur á viðskiptavini | 1.630.894 | 1.544.360 | 86.534 | 6% | 1.387.463 | 1.273.426 | 1.140.184 |
| Aðrar eignir | 33.237 | 27.456 | 5.781 | 21% | 28.897 | 28.936 | 23.110 |
| **Eignir samtals** | **1.960.776** | **1.787.024** | **173.752** | **10%** | **1.729.798** | **1.564.177** | **1.426.328** |

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Skuldir við lánastofnanir og Seðlabanka | 29.968 | 6.634 | 23.334 | 352% | 10.425 | 48.725 | 48.062 |
| Innlán frá viðskiptavinum | 1.048.537 | 967.863 | 80.674 | 8% | 900.098 | 793.427 | 707.813 |
| Lántaka | 513.687 | 476.864 | 36.823 | 8% | 486.042 | 420.178 | 373.168 |
| Aðrar skuldir | 44.654 | 34.819 | 9.835 | 28% | 29.803 | 22.226 | 30.470 |
| Víkjandi lántaka | 20.176 | 21.753 | -1.577 | -7% | 20.785 | 21.366 | 19.081 |
| Eigið fé | 303.754 | 279.091 | 24.663 | 9% | 282.645 | 258.255 | 247.734 |
| **Skuldir og eigið fé samtals** | **1.960.776** | **1.787.024** | **173.752** | **10%** | **1.729.798** | **1.564.177** | **1.426.328** |

Fjárhæðir í milljónum króna

# Starfsþættir

| 1.1 - 31.12.2023 | Einstaklingssvið | Fyrirtækjasvið | Eignastýring og miðlun | Fjárstýring og viðskiptavakt | Önnur svið | Jöfnunar-færslur | Samtals |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Hreinar vaxtatekjur | 18.944 | 22.324 | 513 | 15.435 | 385 | -42 | 57.559 |
| Hreinar þjónustutekjur | 3.548 | 3.062 | 4.924 | -297 | 76 | -160 | 11.153 |
| Hrein virðisbreyting útlána | -1.793 | -1.333 | 1 | 5 | - | - | -3.120 |
| Aðrar tekjur og (gjöld) | 99 | 21 | 296 | 7.009 | 846 | -15 | 8.256 |
| **Rekstrartekjur (gjöld) samtals** | **20.798** | **24.074** | **5.734** | **22.152** | **1.307** | **-217** | **73.848** |
| Rekstrargjöld | 7.316 | 3.383 | 2.323 | 938 | 12.170 | -172 | 25.958 |
| Skattur á heildarskuldir fjármálafyrirtækja | 920 | 472 | 7 | 882 | 9 | - | 2.290 |
| Úthlutaður kostnaður | 4.667 | 3.126 | 1.224 | 1.093 | -10.110 | - | 0 |
| **Hagnaður (tap) fyrir skatta** | **7.895** | **17.093** | **2.180** | **19.239** | **-762** | **-45** | **45.600** |
| Tekjuskattur | 2.267 | 4.516 | 425 | 5.496 | -271 | | 12.433 |
| **Hagnaður (tap) tímabilsins** | **5.628** | **12.577** | **1.755** | **13.743** | **-491** | **-45** | **33.167** |
| | | | | | | | |
| Heildareignir | 872.537 | 752.041 | 11.281 | 751.659 | 21.143 | -447.885 | 1.960.776 |
| Heildarskuldir | 817.838 | 625.602 | 7.000 | 637.385 | 17.082 | -447.885 | 1.657.022 |
| Úthlutað eigið fé | 54.699 | 126.439 | 4.281 | 114.274 | 4.061 | 0 | 303.754 |

Fjárhæðir í milljónum króna

# Fyrirvari

- Kynningu þessari er einvörðungu ætlað að vera til upplýsinga og skal hvorki tekið sem tilboði eða hvatningu um áskrift, kaup eða sölu á fjármálagerningum af hvaða tegund sem er.

- Upplýsingar í kynningu þessari hafa ekki verið sannreyndar sérstaklega. Landsbankinn ábyrgist ekki að upplýsingar eða skoðanir í kynningu þessari séu nákvæmar, sanngjarnar eða tæmandi.

- Í kynningu þessari kunna að vera áætlanir og framtíðarspár sem eru háðar ýmsum áhættu- og óvissuþáttum sem gætu leitt til þess að raunveruleg niðurstaða verði í verulegum atriðum önnur og sem gætu haft neikvæð fjárhagsleg áhrif á þau atriði sem fjallað er um í kynningu þessari.

- Landsbankinn ber enga ábyrgð á beinu eða óbeinu tjóni, hvernig sem það er tilkomið, vegna notkunar á þessari kynningu.

- Landsbankinn er ekki skuldbundinn til að uppfæra kynningu þessa, veita frekari upplýsingar eða leiðrétta villur sem kunna að koma í ljós.